

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 243/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2279 frá 2. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna að því er varðar notkun hagskýrslusviða um upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2023 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1399 frá 1. ágúst 2022 um að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2023 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 ⁽²⁾.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 18qo (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/466) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qp. **32022 R 1399**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1399 frá 1. ágúst 2022 um að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins, um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga og að tilgreina fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á sviði notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2023 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (Stjtið. ESB L 213, 16.8.2022, bls. 13).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 301, 22.11.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 213, 16.8.2022, bls. 13.

18qq. **32022 R 2279**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2279 frá 2. ágúst 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna að því er varðar notkun hagskýrslusviða um upplýsinga- og fjárskiptatækni fyrir viðmiðunarárið 2023 (Stjtíð. ESB L 301, 22.11.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2279 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1399, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.